

En hvorugt er réttlátt.

Við það að halda fast í þessar mölbrotni kenningar og dogmur eyðileggur maðurinn hjá sér allt sannleiksgildi, alla skynsemis eiginlegleika, þótt honum mäske takist á endanum að kæfa niður hjá sér alla efasemi og honum lærist að hugsa og trúa upp á gamla móðinn. Að sjáltsögðu fer sá maður fyrir slíkt áræði ekki á mis við sín laun. Áður en varir finnur hann að nafn sitt er skráð í „lífsins bók“ hinna „*meiðlausu og hettulausu*“ manna og honum er trúað fyrir hinum æðstu embættum kyrkjunnar.

En hann hefir keypt þá virðingu dýru verði. Hann hefir þar selt við alla sína andlegu og vitsmunalegu menningu. Hann getur úr því ekki framar talist hugsandi né rannsakandi maður, heldur sá sem alla jafna bregður fyrir sig afsökunum og vörnum. Eftir það leggur hann alla sína andlegu atorku í að grafa upp *sunnilegar* staðhæfingar fyrir trú sinni, og hann hættir að leita sannleikans. Þesskonar mönnum tekst oft mæta vel að sinnfæra sjálfa sig, en þeir sannfæra aldrei aðra. Ofstæki þeirra og ófrjálslýndi ber vott um innri ótta, og hin öfuga röksemdafærsla þeirra um óeinlæga og óvirkilega trú.

En svo er til annar flokkur manna, sem að vísu reynir ekki að deyða hjá sér sannfæringu sína, strax og hún verður nokkur, en hylma hana samt og fela. Þeir minnst aldrei á skoðanir sínar frammi fyrir almenningi, en í heimahúsum og við beztu vini sína fletta þeir ofan af sínum innstu hugrenningum, og láta þá í ljósi skoðanir, er þeir þyrðu ekki að tæpa á opinberlega.

Þótt það geti verið á stundum nauðsynlegt, að halda þannig sannleikanum leyndum, þá getur enginn annað sagt, en að það sé illt að þurfa þess, og hlýtur að leiða fyr eða síðar til ills eins og óhamingju. Það felst í *sannfæringu* hvers einasta manns eitthvað, sem verður að koma í ljós, og ekki er hægt að halda leyndu í það óendanlega. Fyr eða síðar kemur það út, og þá er uppi með alla hylmingu og alla þögn. Sá, sem rýfur þögnina, fær ekki að því gjört. En hann er þá orðinn sláturfórn sannleika þess, er hann reyndi að fela.

Aftur að hinu leytinu, að segja sig úr kyrkjunni, er ekki